FISKISTOFA
TRAUST - FRAMSÆKNI - VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
fiskistofa.is

Kussungur 2 ehf.
571016-0440
Ásvegi 3
621 Dalvík

Hafnarfjörður, 04.11.2026
Tilv. 2026-08-11-1777

Efni: Svipting. Löndunarskylda. Brottkast. Strandveiðar. Hulda EA – 628 (7329).

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar brot áhafnar, einkum skipstjórnanda, bátsins Huldu EA – 628, skipaskrárnúmer 7329, gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

I. Málsatvik

Þann 10. ágúst 2026 um kl. 10:00 voru veiðieftirlitsmenn Fiskistofu við eftirlit með ómönnuðu, fjarstýrðu loftfari sem útbúið er myndatökubúnaði (hér á eftir „ómannað loftfar“) við Hauganes. Í skýrslu eftirlitsmanna kemur fram að Hulda EA – 628 (7329) hafi verið við veiðar á svæðinu og hafi ómönnuðu loftfari verið flogið að bátnum og upptaka hafin.

Tekin voru upp ellefu myndskeið og var samanlögð lengd þeirra um fjórar mínútur. Í myndskeiðunum sést áhafnarmeðlimur kasta tólf þorskum útbyrðis bakborðsmegin.

Af þeim sökum er áhöfn bátsins grunuð um að hafa brotið gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 og 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a. laga nr. 116/2006 með því að hafa ekki hirt og landað tilgreindum tólf þorskum, sem komu í veiðarfæri bátsins þann 10. ágúst 2026.

II. Lagagrundvöllur

Í 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a. laga nr. 116/2006 er kveðið á um að skylt sé að landa öllum afla í lok hverrar veiðiferðar en að öðru leyti fari um meðferð á afla samkvæmt lögum nr. 57/1996 og ákvæðum gildandi reglugerða. Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 er kveðið skýrt á um meginregluna að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa.

Brot gegn lögum nr. 57/1996 og 116/2006 geta varðað stjórnsýsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til strandveiða, eða skriflegri áminningu samkvæmt 15. gr. laga nr. 57/1996 og 24. gr. laga nr. 116/2006.

III. Athugasemdir málsaðila og afstaða Fiskistofu

Með bréfi Fiskistofu, dags. 26. ágúst 2026, var málsaðila tilkynnt um að málið hafi verið tekið til meðferðar, málsatvikum lýst, honum leiðbeint um lagaatriði og gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framið og eftir atvikum hvort beita ætti viðurlögum. Var málsaðila veitt tækifæri til að leggja fram athugasemdir og andmæli vegna málsins til og með 8. september 2026.

Sjónarmið málsaðila bárust Fiskistofu með tölvupósti dags. 2. september 2026. Þar gerir málsaðili ekki athugasemdir við framangreind málsatvik en virðist telja að heimilt sé að sleppa lífvænlegum fiski undir vissum stærðarmörkum.

sími 569 7900 • fax 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
fiskistofa.is

Afstaða Fiskistofu til sjónarmiða málsaðila

Reglur sem settar voru á grundvelli eldri laga um stjórn fiskveiða gerðu skylt að sleppa lífvænlegum þorski, ýsu og ufsa undir vissum stærðarmörkum, sem fékkst á handfæri. Reglurnar eru ekki lengur í gildi.

Gerð er krafa til skipstjórnenda um að þeir þekki lög og reglur er snúa að veiðum, þ. á m. um hvaða afla heimilt eða skylt er að sleppa við veiðar. Vankunnátta skipstjórnanda á lögum og reglum er ekki gild afsökunarástæða eins og málsatvikum er háttað í máli þessu.

Að framangreindu virtu eiga röksemdir og sjónarmið sem færð voru fram af hálfu málsaðila ekki við í fyrirliggjandi máli.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að skipstjórnandi Huldu EA – 628 (7329) hirti og landaði ekki tólf þorskum sem komið höfðu í veiðarfæri bátsins þann 10. ágúst 2026, sem skylt var að hirða og landa.

Með háttsemi sinni að hirða og landa ekki þeim tólf þorskum sem komu í veiðarfæri bátsins þann 10. ágúst 2026, braut skipstjórnandi bátsins Huldu EA – 628 (7329), gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 og 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a. laga nr. 116/2006.

Ákvæði 24. gr. laga nr. 116/2006, sbr. 15. gr. laga nr. 57/1996, mæla fyrir um að Fiskistofa skuli veita hlutaðeigandi útgerð áminningu eða svipta bát leyfi til strandveiða fyrir brot á lögum eða reglum settum samkvæmt þeim. Við mat á því hvort brot teljist minniháttar eður ei er litið til þess hvort brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi.

Við mat á fjárhagslegum ávinningi brots tekur Fiskistofa m.a. tillit til magns og tegundar. Ákveðnar tegundir s.s. þorskur er eðli málsins samkvæmt verðmeiri og eftirsóknarverðari en aðrar. Í myndskeiðunum sést að afli sem bjó yfir ákveðnum markaðsvænum og verðmætum eiginleikum var hirtur en afli sem bjó ekki yfir tilskildum eiginleikum var ekki hirtur. Ávinningur brots getur jafnframt falist í sparnaði sem fæst við að komast undan hugsanlegum kostnaði og sparnaði á útgjöldum við að hirða og landa afla, t.a.m. afla sem selst ekki eða þarf að urða með tilheyrandi kostnaði, auk þess sem aflaheimildum sem ráðstafað var til strandveiða árið 2026 verður ekki ráðstafað í þann afla. Fiskistofa telur ávinning hafa hlotist af brotum málsaðila en að hann sé óverulegur með hliðsjón af magni.

Brotið ógnar hagsmunum af góðri umgengni um nytjastofna sjávar. Auk þess ógnar það hagsmunum tengdum stjórnun fiskveiða og er til þess fallið að grafa undan grundvallarstoðum íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins. Kerfið grundvallast á því að aflaskráning gefi sem réttustu mynd af því hve mikið sé veitt úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og því er mikilvægt að upplýsingar um veiddan afla séu rétt skráðar. Upplýsingarnar eru lagðar til grundvallar við ráðgjöf um leyfilegan heildarafla sem vegur þungt í endanlegri ákvörðun um heildarafla fiskveiðiárs. Brotið vinnur þannig gegn ábyrgri umgengni um nytjastofna sjávar.

Við mat á saknæmisstigi brots ber að líta til háttsemi skipstjórnanda. Skipstjórnanda ber að sjá til þess að allur afli sem kemur í veiðarfæri báts sé hirtur og landaður í lok veiðiferðar að því gefnu að undantekningar frá fyrrgreindri meginreglu um löndunarskyldu gildi ekki um aflann.

sími 569 7900 • fax 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
fiskistofa.is

Strangara saknæmismat lýtur að skipstjórnanda sem sérfræðingi í ljósi stöðu hans og þekkingar, en gera verður þá kröfu til skipstjórnarmanna að þeir þekki lög og reglur er snúa að veiðum og sérstaklega snerta atvinnu þeirra. Við mat á því hvort skipstjórnandi hafi innt af hendi starfsskyldu sína í samræmi við það sem af honum mátti ætlast er athugað hvort hann hafi við framkvæmd starfa sinna farið eftir gildandi hátternisreglum um framkvæmd fiskveiða og starfsaðferðum sem „*góður og gegn skipstjórnandi*“ myndi fylgja miðað við aðstæður hverju sinni.

Í máli þessu er ljóst að skipstjórnandi Huldu EA – 628 (7329) hafi þann 10. ágúst 2026 kastað tólf þorskum útbyrðis, sem skylt var að hirða og landa. Vegna stöðu hans og þekkingar sem skipstjórnandi, með starfsréttindi sem slíkur, hafi skipstjórnanda mátt vera kunnugt um hvaða lög og reglur gilda um veiðar, þ. á m. um hvaða afla heimilt eða skylt sé að sleppa við veiðar. Þar með hafi skipstjórnanda mátt vera kunnugt að skylt sé að hirða og landa öllum þorski sem kemur í veiðarfæri báta. Að mati Fiskistofu hefur skipstjórnandi, með vísan til framangreinds, vanrækt starfsskyldu sína með saknæmum hætti.

Að teknu tilliti til eðlis og umfangs brotsins og alls þess sem að framan hefur verið rakið er það mat Fiskistofu að brotið teljist meiriháttar. Af þeim sökum komi áminning ekki til álita. Að mati Fiskistofu þykja hæfileg viðurlög, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, vegna brotsins vera svipting leyfis til strandveiða í eina viku.

Málsaðili stundar fiskveiðar í atvinnuskyni og í hans þágu starfa einstaklingar sem hafa sjómennsku að atvinnu. Málsaðili ber ábyrgð á því að veiðar báts í hans útgerð séu í samræmi við gildandi lög og reglur og þá sérstaklega að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 og 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a. laga nr. 116/2006. Það er því á ábyrgð útgerðaraðila að verklag við veiðar sé í samræmi við lög og reglur.

Fiskistofa sviptir hér með strandveiðibátinn Huldu EA - 628, skipaskrárnúmer 7329, leyfi til strandveiða í eina viku (7 daga) frá og með gildistöku næsta strandveiðileyfis bundið við bátinn, samkvæmt 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 og 24. gr. laga nr. 116/2006, vegna brota gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 og 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a. laga nr. 116/2006.

Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Kæruheimild
Ákvörðun þessa má kæra til atvinnuvegaráðuneytis, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið atrn@atrn.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.